

Nr. 054 / 10 Blómfríður SH 422***Fær í skrúfunu og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 1244
Smíðaður: Akranesi 1972, stál
Stærð: 102,6 brl. 128,3 bt.
Mesta lengd: 27,64 m Skráð lengd: 24,38 m
Breidd: 6,6 m Dýpt: 3,3 m
Vél: Caterpillar 416 kW, 1972
Fjöldi skipverja: 4



Blómfríður©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælsyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. maí 2010 var Blómfríður SH 422 á rækjuveiðum í Kolluál. Veður: Logn

Þegar skipverjar voru að taka trollið lenti höfuðlína í skrúfunni og óskaði skipstjóri eftir aðstoð annars báts, Péturs afa SH, sem dró Blómfríði SH til hafnar í Ólafsvík.

Kafari var fenginn til að losa úr skrúfunni og í ljós kom að engar skemmdir urðu á veiðarfærinu né skrúfubúnaði.



Blómfríður SH dregin til hafnar.
(Mynd©Alfons Finnsson)

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.